

## Hagnýting þekkingar og starfsþróun í ferðapjónustu

Magnús Haukur Ásgeirsson, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóli Íslands.  
Gunnar Þór Jóhannesson, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóli Íslands.

### Lykilorð—Hagnýting, Starfsþróun, Þekking, Ferðapjónusta

Í þessu erindi er fjallað um leiðir til að efla tengsl milli háskólanáms og atvinnulífs með því að vinna með markvissum hætti að starfsþróun og ráðningarhæfi (*Employability*) nemenda. Árið 2015 var sérstakt valnámskeið um starfsþróun stofnað við námsleið í ferðamálafræði. Hí sem svar við langvarandi gagnrýni nemenda á áherslur í námi í ferðamálafræði sem þóttu of fræðilegar og skorta skýrar tengingar við atvinnulíf (Faculty of Life and Environmental Sciences, 2020; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2018; Námsbraut í Land- og ferðamálafræði, 2010). Að einhverju leyti tengist þessi gagnrýni fjölbreyttum hvata og væntingum nemenda sem skrá sig í ferðamálafræði, en einnig má færa rök fyrir því að hún sé afleiðing veikra tengsla milli háskóla og ferðapjónustugeirans hér á landi.

Vorið 2021 stofnaði námsbraut í land- og ferðamálafræði til þróunarverkefnis með það að markmiði að styrkja starfsþróunarpátt námskrár í ferðamálafræði. Áður nefnt valnámskeið var stokkað upp og hlutar þess tvinnuðir saman við önnur námskeið ásamt því að eitt tveggja ektu útgöngunámskeið um starfsþróun var sett á laggirnar á 6. misseri. Með þessu er hugmyndin að tryggja það að allir nemendur í ferðamálafræði snerti á starfsþróun í gegnum nám sitt, að skapa skýrari tengsl við atvinnulíf og vinnumarkað í gegnum allan námsferil nemenda og auðvelda nemendum að yfirfæra þekkingu og hæfni milli fræðasamfélags og atvinnulífs.

Fræðilegar forsendur verkefnisins byggja á hugmyndum um nemendamiðaða kennsluhætti. Í fyrsta lagi nýtum við líkanið um námskrárrýmið og öxul kennslu og rannsókna (Dredge, ofl., 2012;

Healy & Jenkins, 2009; Edelheim, 2017). Líkanið um námskrárrýmið (Dredge ofl., 2012) lýsir þeim kröftum sem hafa áhrif á áherslur í námskrá ferðamálafræði. Það markast af tveimur megin ásum sem vísa til verklegar eða hagnýtrar hæfni annars vegar og fræðilegrar þekkingar hins vegar. Hugmyndin er að sérhver námskrá spanni færslu frá einföldum hugtökum til flóknari og blandi saman hagnýtum og fræðilegum áherslum með ólíkum hætti. Öxull kennslu og rannsókna dregur fram ólíkar áherslur innan þessa rýmis hvað varðar kennsluhætti sem skipta má í kennaramiðaða og nemendamiðaða og þar sem kennsla og rannsóknir eru tvinnuðar saman með ólíkum hætti. Í öðru lagi sækjum við innblástur til kenninga um hvernig nemendur læra á ólíkan hátt og hvernig nám á sér stað í dýnamísku samhengi þar sem fjölmörg atriði hafa áhrif á hvata, upplifun og nálgun nemenda (Ramsden, 2003 í Case & Marshall, 2009; Edelheim, Joppe, Flaherty, ofl., 2022). Ramsden lýsir því t.d. hvernig nemendur geta átt erfitt með að sjá tilgang í námi sem er í litlum tengslum við raunveruleg úrlausnarefni sem þau upplifa í daglegu lífi, þar sem þau hafa lítið um námsframvindu að segja og þar sem félagsleg tengsl í nemendahópnum eru veik.

Markmið okkar með því að efla starfsþróun er að vinna að því að efla nemendamiðaða kennslu í námsbrautinni. Við leitumst við að skapa rými á ólíkum stigum í náminu fyrir nemendur til að ígrunda og ræða tengsl námsins og atvinnu og efla hæfni þeirra til sköpunar, gagnrýni, til að vinna sjálfstætt og í hópi svo dæmi sér tekið.

Í þessu erindi munum við lýsa þeim breytingum sem gerðar voru á upphaflegur valnámskeiði um starfsþróun og gera grein fyrir mati nemenda á þeim. Við leggjum sérstaka áherslu á upplifun og viðhorf

þeirra nemenda sem hafa farið í gegnum námskeið og alla námskeiðshluta starfsþróunar en fyrsti árgangur sem fór í gegnum endurskoðað skipulag á starfsþróun útskrifaðist vorið 2024. Gögnum sem hér verður gerð grein fyrir var safnað með rýnihópaviðtölum, hugleiðingum nemenda í nokkrum námskeiðum og spurningakönnun. Gagnaöflun fór fram á ólíkum tímamarkum í náminu en nemendur höfðu snertiflöt við starfsþróun á hverju misseri í gegnum námið.

Helstu niðurstöður eru að nemendur eru almennt ánægð með þau tól og tæki sem þeim voru kynnt og telja að þau muni nýtast á vinnumarkaði og í frekara námi. Einnig að tenging milli fræðilegs náms og hagnýtingar þekkingar á vinnumarkaði er mörgum áskorun. Þann lærdóm má draga að starfsþróun er mikilvægur þáttur í háskólanámi og eflir nemendur í að átta sig á þeirri hæfni sem þau afla sér í námi og möguleikum til hagnýtingar hennar á vinnumarkaði.

## TILVÍSANIR

- Case, J. M., & Marshall, D. (2009). Approaches to learning. In M. Tight, K. H. Mok, J. Huisman, & C. C. Morpew (Eds.), *The Routledge International Handbook of Higher Education* (pp. 9-21). Routledge.
- Dredge, D., Benckendorff, P., Day, M., Gross, M. J., Walo, M., Weeks, P., & Whitelaw, P. (2012). The Philosophic Practitioner and the Curriculum Space. *Annals of Tourism Research*, 39(4), 2154-2176.  
doi:<http://dx.doi.org/10.1016/j.annals.2012.07.017>
- Edelheim, J. (2017). Teaching-research nexus in tourism, hospitality and event studies. In P. Benckendorff & A. Zehrer (Eds.), *Handbook of Teaching and Learning in Tourism* (pp. 467-483). Edward Elgar.
- Edelheim, J., Joppe, M., Flaherty, J., Abu Bakar, B., Bommenel, E., Ek, R., . . . Peterson, M. (2022). Tourism didactics. In J. Edelheim, M. Joppe, & J. Flaherty (Eds.), *Teaching Tourism: Innovative, Values-based Learning Experiences for Transformative Practices* (pp. 1-11). Edward Elgar.
- Faculty of Life and Environmental Sciences. (2020). Self-Review Report. University of Iceland.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2018). Könnun meðal útskrifaðra nemenda í ferðamálafræði á árunum 2013 til 2018. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Healy, M., & Jenkins, A. (2009). *Developing undergraduate research and inquiry: The Higher Education Academy*.
- Námsbraut í Land- og ferðamálafræði. (2010). *Ferðamálafræði við Háskóla Íslands: Úttekt á kennslu og námi. Sjálfsmatsskýrsla*. Háskóli Íslands. Manarin, K., Adams, C., Fendler, R., Marsh, H., Pohl, E., Porath, S., & Thomas, A. (2021). Examining the focus of SoTL literature—teaching and learning?. *Teaching and Learning Inquiry*, 9(1), 349-364.